

EIN Á FJALLATINDUM

Skáldkonan Guðrún Þórðardóttir frá Valshamri

Á handritadeild Landsbókasafns er til kvæðasafn frá síðari hluta 19. aldar sem ber nafnið „Kvennaljóðmæli“. Er það hluti af stærra kvæðasafni í mörgum bindum, er þar haft aftast og til þess vísað á forsíðu með orðunum „svo og kvennaljóð – aftan við“.¹ Í „Kvennaljóðmælum“ eru 64 kvæði eftir 18 skáldkonur frá 18. og 19. öld. Þessar skáldkonur eiga það flestar sameiginlegt (fyrir utan Látra-Björgu, Vatnsenda-Rósu og Guðnýju frá Klömbrum) að vera svo til óþekktar og að lítið sem ekkert hefur birst eftir þær á prenti. Kvæði eftir þær má þó finna á víð og dreif í handritum og bíða þess að koma fram í dagsljósið. Hér verður athyglinni beint að einni af þessum skáldkonum, Guðrúnu Þórðardóttur frá Valshamri.

Fáar heimildir eru til um Guðrúnu. Hennar er þó getið í *Íslenskum æviskrám* og er þar titluð „skáld“.² Hún er fædd að Gróustöðum í Gilsfirði „um 1817“ og við Breiðafjörð ól hún aldur sinn, lengst af gift kona á Valshamri, þar til hún tók sig upp á sjötugsaldri og fluttist með fjölskyldu sinni til Vesturheims. Þar lést hún árið 1896.

Á síðari hluta 19. aldar var mikil gróska í skáldskap kvenna við Breiðafjörð. Júlíana Jónsdóttir (1838–1917), vinnukona í Akureyjum, gaf út *Stúlku*, fyrstu ljóðabók eftir íslenska konu, árið 1876, og þremur árum síðar, eða 1879, gaf Guðbjörg Árnadóttir (1826–1911) frá Ytrafelli á Fellsströnd út *Nokkur ljóðmæli*. Báðar kostuðu þær útgáfu bóka sinna sjálfar. Þegar Guðrún fer til Vesturheims árið 1883 hafði hún þegar

1 Lbs 167 4to.

2 *Íslenskar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* II, bls. 199.

skapað sér nokkurt nafn sem skáldkona. Í ljóðabréfi sem Júlíana Jónsdóttir yrkir „Undir nafni G.E.d. til Guðr. Þórðard. (skáldkonu)“ og birtist í ljóðabók hennar *Stúlku* titlar hún Guðrúnu „skáldkonu“ og segir að hún sé „þjóðskáldanna jafni“.³ Eftir Guðrúnu höfðu þá birst tvö kvæði á prenti, annað í *Norðra* 1860 og hitt í *Norðanfara* 1863. Eru þetta hvort tveggja eftirmæli, en þau voru viðurkennd bókmenntategund, opinber og réttlætanlegur skáldskapur, einnig fyrir konur. Samt er það athyglisvert að í báðum ljóðunum karlkennir Guðrún sig sem ljóðmælanda. „Stöndum vjer hljóðir / og störum með harmi,“ segir í fyrri eftirmælunum um Önnu Einarsdóttur, unga konu og margra barna móður.⁴ Í þeim síðari um sveitarstjórnarmanninn Jón Ormsson talar hún fyrir munn eftirlifandi eiginkonu og barna og segir: „Enn vjer stöndum eptir, hugar hljóðir, / íturmennið frá oss horfið er.“⁵ Slík karlgerving ljóðmælanda er í samræmi við karllega hefð og algeng í ljóðum kvenna langt fram á tuttugustu öld sem með því hafa viljað gefa rödd sinni meira vægi. Eftirmælin eru um konu og karl og það er athyglisvert að bera þau saman. Í eftirmælunum um Jón leggur Guðrún áherslu á jarðneska tilvist hans, dugnað, hreysti og samfélagslegt vald (tuttugu og sex ár í sveitarstjórn), en í eftirmælunum um Önnu er áherslan á sæluvistinni sem bíði hennar á himnum. Þar „ljóðar“ hún og „syngur“ og rödd hennar heyrir: „á sælunnar landi um eilífa tíð / hljómar þín röddin.“ Í kvæðinu lætur Guðrún hana tala og mæla fram huggunarorð til eiginmannsins.

Í „Kvennaljóðmælum“ eru sjö ljóð eftir Guðrúnu, mest trúarljóð, en jafnframt er mikið til af ljóðum eftir hana í öðrum handritum. Merkast safn með ljóðum eingöngu eftir hana, Lbs 1986 8vo, um 100 síður að lengd. Á titilsíðu stendur:

Ljóðmæli eptir Guðrúnu Þórðardóttir Valshamri
Skrifað hefur MGuðlögsson
Árið 1879

3 Júlíana Jónsdóttir, *Stúlka* (1876), bls. 59.

4 „Anna Einarsdóttir,“ *Norðri* 31. desember 1860, bls 140. Ljóðið er undirritað Guðrún Þórðardóttir.

5 „Jón Ormsson,“ *Norðanfari* 1. mars 1863, bls. 23. Ljóðið er undirritað G. Þórðardóttir.

Af athugasemd á öftustu síðu má ráða að Guðrún hefur fengið nágretta sinn, Magnús Guðlaugsson í Gautsdal, til að skrifa fyrir sig ljóðin í bókina, enda líklega ekki vel skrifandi sjálf. Þar má einnig sjá að hann hefur lokið við að skrifa í bókina 1889. Þetta safn gæti bent til þess að Guðrún hafi verið að hugsa um að gefa ljóð sín út á prenti, eins og þær Júlíana og Guðbjörg, en hætt við, ef til vill af fjárhagsástæðum. Hinar skáldkonurnar voru báðar ógiftar, unnu fyrir kaupi og gátu ráðstafað því sjálfar. Öðru máli gegndi um Guðrúnu sem var gift og hafði því ekki yfir eigin fé að ráða. Einnig má vera að viðtökur þessara tveggja fyrstu ljóðabóka eftir íslenskar konur hafi dregið úr henni kjark, en þær voru engar.⁶ Þegar Guðrún flyst af landi brott hefur hún skilið ljóðasafnið eftir hjá Magnúsi, ef til vill í von um að það myndi birtast seinna, og frá honum er það komið á Landsbókasafn. Ljóðin eru flest undirrituð með upphafsstöfunum GPD, og á einum stað er orðinu „skáldkona“ bætt við.

Guðrún yrkir eins og hefðin býður: ljóðabréf, eftirmæli, rímur og tækifærisvísur. Formlega eru kvæði hennar hefðbundin, hún leggur metnað sinn í að kveða dýrt og notar mikið rímnahætti, einkum hringhendu. Þetta stranga form þvingar oft efnið sem er kvenlegt og frábrugðið yrkisefnum karla. T.a.m. eru rímur þeirra gjarnan um karlhetjur og bardaga, en Guðrún snýr út úr þessu og gerir svo kvenlegt verkfæri sem snældustól að hetju í „Snældustólsrímu.“ Ólíkt rímum hefðarinnar, sem eru langar og oftast margir flokkar, er „Snældustólsríma“ stutt og aðeins einn flokkur. Hún hefur verið mjög vinsæl og er víða til í handritum.⁷ Í „Ævi Hrokkinkolls“ er lambhrútur hetjan. Hann er tvílembingur og hrekst frá móður sinni af því að hún getur ekki mjólkað tveimur lömbum. Honum er bjargað inn í hús manna og hjá þeim elst hann upp sem heimalningur við harðstjórn húsbóndans þar til hann er skorinn. Þetta kvæði er mjög langt og eins konar sambland af rímu, ævikvæði og eftirmælum, og augljóst að varnarleysi lambsins er skáldkonunni mjög hugleikið.

6 Um *Stúllu* kom enginn ritdómur. Um niðurlægjandi ritdóm Finns Jónssonar um bók Guðbjargar, sjá grein Helgu Kress „Kona og skáld“ í *Stúlla. Ljóð eftir íslenskar konur*, bls. 43. Einnig Helga Kress, „Föðurlandið besta. Um ljóðmæli Guðbjargar Árnadóttur,“ *Speglanir*, bls. 354-357.

7 Nokkrar vísur úr „Snældustólsrímu“ eru prentaðar í *Rímnasafninu*, bls. 250-251.

Eins og fleiri skáldkonur fyrr og síðar yrkir Guðrún um sjálfa sig látna.⁸ Þetta er kvæði með yfirskriftinni „Útfararminning Guðrúnar Þórðardóttur 1871 ort af henni sjálfri“. Í því lýsir hún ævi sinni sem einkennist af skorti og óuppfulltum þrám: „Undir moldar lágu leiði / liggur fölnuð rós.“ Sú sem þarna er grafin faldi gáfur sínar: „skarpleiks huldi ljós“, auk þess sem hún var ekki rétt skilin af samtíð sinni sem dæmdi hana hart. Hún fær engu ráðið um líf sitt, því „meðan lifði leikfang var hún / lýðum veraldar“. Þegar hún lýsir sársauka sínum og ótta kemur hún fram sem ljóðmælandi í fyrstu persónu, beinir máli sínu til valdsmanna (sjóla) og leggur áherslu á sannleiksgildi orða sinna:

Satt eg greini sjólum vitru,
sviðu blæðandi,
sálar meina sárin bitru
sinnið hræðandi.⁹

Það fer ekki á milli mála að hér liggur skáldkona grafin og bera einkunnarorðin sem hún gefur sjálfri sér ekki vott um mikið álit á eigin skáldskap: „Kvakaði móðug kvæða grýlan,“ segir þar. Svona konu syrgir heldur enginn.

Í „Útfararminningu“ kemur einnig fyrir kuldinn sem svo mjög einkennir skáldskap kvenna frá þessu tímabili og tengist oft mannlegum samskiptum. „Jökul frera frostið kalda / fraus um bauga lind, / dunaði og freyddi dómsins alda, / drifin hyrjar vind.“ Þannig yrkir Guðrún mikið um kulda og vont veður, eins og t.a.m. í „Haustvísu“ þar sem segir í mjög dýrt kveðinni línu: „Kvíði ég hríðar kafalds þoku rokem.“ Eitt kvæða hennar heitir „Vísur kveðnar í hörkufrosti á Sumardaginn fyrsta 1876“ og hefst svo, kulda- og sólarljóð í senn:

Lof sé guði, liðinn ertu langi vetur,
sárt þó kuldinn sviði bitur
sólin vonargeislann flytur.

8 Hér má t.a.m. nefna ljóð Júlíönu Jónsdóttur, „Erfiljóð kveðin í kuldatíð“ í *Stúlku* (1876), ljóð Halldóru B. Björnsson (1907–1968), „Og þá rigndi blómum“ í *Víð sanda* (1968) og óprentað ljóð Ólínu Jónasdóttur (1885–1956), „Eftirmæli,“ Lbs 3932 4to.

9 Lbs 1986 8vo. Þar sem annað er ekki tekið fram er vitnað í þetta ljóðahandrit. Stafsetning er færð til nútímahorfs.

Í kvæðum sínum minnst Guðrún oft á skáldskap sinn og sjálfa sig sem skáld. „Sú sem kvæði ónýtt ól / óskar þess af hjarta, / krýnist gæðum guðs frá stól / göfug klæða morgunsól,“ segir hún í „Ævi Hrokk-inkolls“, upptekin sem ávallt af sólinni. Hér sem annars staðar þar sem hún víkur að skáldskap sínum kyngreinir hún sig, vel meðvituð um að hún er kona að yrkja í karlahefð. Í mansöng „Arons rímu sterka Hjörleifssonar“ lýsir hún aðstæðum sínum á átakanlegan hátt sem með skilyrðistengingunni í upphafi minnir á Steinunni Finnsdóttur næstum tveimur öldum fyrr:¹⁰

Minn þó svanur kvæða kvaki
kætist ekki þjóð,
mörgu vanur meina blaki
mín sem vitna ljóð.

Hef ég sefa köldum kramin,
konum síst í vil,
óðar stefin illa samin
eins og von er til.

Margt að blæs í mínu standi
minni þurrðar brátt
illa læs og óskrifandi
á ég furðu bágt.¹¹

Í öðru kvæði ber hún sig saman við bróður sinn, sem andstætt henni er „skýr skáldmæringur“ og „kunni bragarmál“, gleður áheyrendur og er ófeiminn við að koma fram:

Hafði róminn raddar fría,
rétt og fegurstan,
lék hljómandi ljóða nýja,
lífgaði heyrandann.
Ofur hýr á óðar þingi
ei sig dró í hlé.

10 Um þetta einkenni á kveðskap Steinunnar Finnsdóttur, sjá grein Helgu Kress, „Kona og skáld,“ *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*, bls. 25-26.

11 Ríman er í ljóðahandritinu Lbs 2828 8vo.

Þannig bera skáldkonur sig gjarnan saman við karlskáld og samanburðurinn er þeim sjálfum ævinlega óhagstæður.

Mörg kvæða Guðrúnar fjalla um erfitt hlutskipti kvenna. Einna athyglisverðast er langlokan „Sólveigarpistill“ þar sem kona er látin lýsa mikilli og endalausri vinnu sinni.¹² Setningarnar flæða fram og eru að flýta sér jafnmikið og konan við vinnuna. Kvæðið byrjar að kvöldi eftir langan vinnudag: „Lúin á kvöldin leggst ég niður, / lítill er værdartíminn mér.“ Hún getur ekki einu sinni hvílt sig því að í huganum lifir hún upp allt sem hún þarf að gera:

ég verð mér strax í fjósið flýta
og fönnina setja húsum frá
úr meisanum gefa fyrst ég fer
flórin þar eftir strax að moka
til og frá má ég steðja og stroka
mykjuna alla út ég ber
ófærðin nær við nafla nemur
nógur á holdið kuldinn kemur
veðrið og hríðin vanga lemur
vil ég nú ekki tala fremur
fyrst vilpuna ausa ætlið mér
senn verð að vera úti og inni
eldastörfunum líka sinni
askana ber að búrhurðinni
brögnum ég satt frá þessu kynni
koppa fram og taðið tek
til má ég bæinn upp að þrifa
[...]

Og svo endalaust því að vinna kvenna tekur aldrei enda. Í öðrum ljóðum yrkir Guðrún um kvenhetjur fornaldar þar sem hún endurskoðar söguna, leggur áherslu á konuna sem geranda og túlkar upp á nýtt. Slíkar mótmyndir eiga eftir að verða algengar í skáldskap kvenna, en Guðrún er með þeim fyrstu, ef ekki sú fyrsta, sem þetta gerir. „Helga jarlsdóttir“ er langt hetjukvæði og flókið með ýmsum röddum, byggt á efni *Harðar*

12 Kvæðið birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 1. júlí 1945, bls. 359, undir nafninu „Þula“.

sögu. Sum erindin eru lögð Helgu í munn, sem er mjög mælsk og gefur sér tíma til að skamma bæði örlaganornina og bardagahetjuna sem drap mann hennar, áður en hún leggst til sunds með syni sína tvo: „Grimm ertu helnornin hörð / að hrífa minn kærasta vininn / og færa í morðingja mund / sem mylur hans hraustlegu bein.“ Og kvæðið endar á þessari niðurstöðu með ávarpi kvenhetjunnar:

Frægasta fornaldarvíf,
fremd þín og minningin lifir.

Annað fornkvinnakvæði er um Ingibjörgu, unnustu Hjálmars hugumstóra sem Örvar-Oddur drap. Í því ávítar skáldkonan Örvar-Odd þar sem hann liggur örvasa og dauðvona, 300 ára að aldri, og nýr honum elli um nasir: „vel er maklegt þetta þér, / þengill fjörgamlaður.“ Í síðasta erindinu vísar hún máli sínu til allra kvenna og vill fá þær til að taka undir með sér í lofinu um Ingibjörgu sem beið heima meðan karlhetjan barðist sér til óbóta: „allar syngi meður mér / meyar Norðurlanda.“

Guðrún veltir mjög fyrir sér tungumáli í kvæðum sínum og trúir á mátt þess. Þetta kemur einkum fram í skammarkvæðum hennar til karla þar sem hún er oft að hefna fyrir níð. „Um illmálgan og öfundsjúkan karl“ heitir t.a.m. eitt þessara kvæða. Í „Óðins krummi á Vesturlandi“ skammar hún skáldið Hulter fyrir slíkar sakir og notar á hann einkar frumlega líkingu þrjónaskapar:

Andskotinn sjálfur í þig tóni
upp á háðönsku skammirnar
og fitji þig upp á fölskum þrjóni
af flærðar snöru Júdasar
í húfu fyrir einhvern þann
óguðlegan og vitlausan mann.

Í þessu má einnig sjá að henni er ekki vel við Dani og tungumál þeirra, en um það yrkir hún í vísunni „Málsprok heldra fólks“ þar sem hún gerir grín að orðum eins og „veskú“, „flott“, „kant“ og „brillíant“. Í bland við þetta yrkir hún trúarljóð, en skáldskaparmálið telur hún komið frá

guði. Í „Bróðurhefnd“ tekur hún upp hanskann fyrir skáldmæringinn bróður sinn, sem hafði fengið á sig níðvísu, og svarar níðskáldinu: „Ég fyrir helgan krafta kraft / krafta fæ til sagnar, / þó þú hafir kjafta kjaft, / kjaft sem aldrei þagnar.“

Þannig gefur guð henni málið, hann hlustar á hana og hún yrkir fyrir hann. Í „Kveðið út af draumi“ á hún í vandræðum með að yrkja og byrjar kvæðið með ákalli: „Heyrðu, Drottinn, málið mitt.“ Hann gerir það og kvæðið rennur fram:

Þá var þrotinn vandinn,
þrekið fengið nýtt,
besti bænarendinn
byrjaði kvæðið frítt
að lofa blíðan lausnarann,
fékk ég mál og tungutak
til að biðja hann.

Í mörgum kvæða Guðrúnar kemur fram að hún upplifir sig sem utangarðs í samfélaginu. Í „Brúðkaup“, með undirfyrirsögninni „Ríkur innboðinn, fátækur eftirskilinn“, yrkir hún um það að vera utangátta í bókstaflegri merkingu, en þar sér hún það fyrir sér að vera ekki boðið í brúðkaup: „Þegar þú giftist Magnús minn, / mér verður ekki boðið inn, / ég stend þá fyrir utan dyr, / eins og hann Lasarus minn fyr.“

Náttúran og nóttin eru hennar griðastaðir, og þar verður skáldskapurinn til. „Burt er ljós af borði, / í bóli er hver um njólu, / hylur húmið svarta / himinsólar birtu,“ segir hún í einu næturljóða sinna, en eins og fleiri skáldkonur yrkir hún gjarnan á nóttinni þegar aðrir sofa.¹³ Annar góður staður er náttúran, einveran og víðernið í hjásetunni:

Þegar ég er mædd og móð
mínum yfir kindum,
eg til gamans yrki ljóð
ein á fjallatindum.

13 Það gerði t.a.m. Guðbjörg Árnadóttir, sjá grein Helgu Kress, „Föðurlandið besta“, bls. 362.

ÓÞARFAR UNNUSTUR

Þar er jörðin græn og góð
gæða vatns með lindum,
fjöllin taka undir óð,
íklædd skuggamyndum.

Hér, utan samfélagsins, er algjört samræmi og persónugerð fjöllin, klædd skuggum sínum, taka undir ljóð hennar.¹⁴

Lítið er vitað um skáldskap Guðrúnar í Vesturheimi. Í „Bréfi frá Norður-Dakota“, sem birtist í Lögbergi 14. maí 1896, er hins vegar sagt frá láti hennar. „Á meðal þeirra er látist hafa skal enn nefnd Guðrúnu Þórðardóttur, almennt nefnd ‘skáldkona’.“ Sagt er að hún hafi verið allmörgum kunn „fyrir ljóð sín eða ljóðagáfu, því öll hennar ljóðmæli eru óprentuð, nema eitt eða tvö kvæði prentuð í Norðanfara.“ Hún hafi verið „mjög einkennileg kona“ og þeir sem hafi séð hana minnst best „þessa einkennilega íslenzka þreks og forneskju yfirbragðs, er hún bar með sjer.“ Ljóðagáfa hennar er sögð hafa verið „mikil og ólærð utan að“. „Efasamt“ sé það „engu að síður, að nútíðin viðurkenni skáldskap hennar“. Guðrún sótti sem sagt ekki hamingjuna til Vesturheims og fréttin um lát hennar endar svona: „Mann sinn, einkason og 11 sonarbörn hafði hún misst. Líf hennar var langt og reynzla hennar mikil.“¹⁵

Um aldarfjórðungi eftir lát skáldkonunnar birtust kvæði eftir hana í fyrsta hefti *Tímarits Þjóðræknisfélags Íslendinga* 1919. Þetta eru ellikvæði, ort vestanhafs, og í einu þeirra getur hún aldurs: „Sjötigi árin, eitt og fjögur / Eg hefi þolgóð strítt.“¹⁶ Fyrsta erindið í einu þessara kvæða, hringhend haustvísa, hefur lengi verið þekkt á Íslandi sem „ófeðraður“ húsgangur.

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjalla hnjúkarnir
húfur mjalla hvítar.¹⁷

14 Sveinbjörn Beinteinsson birtir fyrri vísuna (reyndar nokkuð breytta) í kynningu á Guðrúnu í *Rímnasafninu* og telur að hún fjalli um kindur. Sjá bls. XXVII-XXVIII.

15 „Brjef frá Norður-Dakota.“ *Lögberg* 14. maí 1896, bls. 2.

16 *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga* 1/1919, bls. 69.

17 Sama, bls. 65.

Myndmálið sver sig í bæði kvenlega hefð sem og yrkisefni og myndmálsnotkun Guðrúnar í ýmsum öðrum kvæðum. Eins og völvan í „Völuspá“ biður hún menn að hlusta. Þarna eru fjallatindarnir sem hún, eins og áður, persónugerir og klæðir í föt, setur á þá húfur svo að þeim verði ekki kalt úti í haustinu og kuldanum. Þessar húfur eru ekki „fitjadar upp á fólsum prjóni“. Þetta eru íslenskar húfur, í senn barnahúfur og hæruhvítir kollar. Er skáldkonunni hér með færð vísa sín til baka.

Heimildir

Óprentaðar heimildir

Lbs 167 4to. Kvennaljóðmæli
Lbs 3932 4to. Ólína Jónasdóttir. Ljóðasýrpur.
Lbs 1986 8vo. Ljóðmæli eftir Guðrúnu Þórðardóttur, Valshamri.
Lbs 2828 8vo. Kvæðakver (ónafngreindra höfunda).

Prentaðar heimildir

Guðbjörg Árnadóttir. *Ljóðmæli*. Reykjavík: [höfundur], 1879.
Guðrún Þórðardóttir. „Anna Einarsdóttir.“ *Norðri* 31. desember 1860.
Guðrún Þórðardóttir. „Jón Ormsson.“ *Norðanfari* 1. mars 1863.
Guðrún Þórðardóttir. „Úr Snældustólsrímu.“ *Rímnasafnið*. Sveinbjörn Beinteinsson tók saman. Reykjavík: Helgafell, 1966.
Guðrún Þórðardóttir. „Vísur.“ *Tímarit Þjóðræknisfélags Íslendinga* 1/1919.
Guðrún Þórðardóttir. „Þula.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 1. júlí 1945.
Halldóra B. Björnsson. *Við sanda*. Reykjavík: Helgafell, 1968.
Helga Kress. „Föðurlandið besta. Um ljóðmæli Guðbjargar Árnadóttur.“ *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum, 2000. [Greinin birtist fyrst í *Fjölmóðarvél, til fagnaðar Einari G. Péturssyni fimmtugum 25. júlí 1991*. Reykjavík: Mettusjóður, 1991].
Helga Kress. „Kona og skáld.“ *Stúlka. Ljóð eftir íslenskar konur*. Helga Kress sá um útgáfuna og ritar inngang. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 1997. [Önnur útgáfa 2002].
Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940. II. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950.
Júlíana Jónsdóttir. *Stúlka*. Akureyri: [höfundur], 1976.

Þræðir, 2000

Summary

Alone on the Mountaintops

The Poet Guðrún Þórðardóttir from Valshamar

“Kvennaljóðmæli” (Women’s Poetry), a late-nineteenth-century manuscript at the National Library, contains poems by eighteen Icelandic women poets from the eighteenth and nineteenth centuries. Most of these women are so little known that little or nothing of their poetry has appeared in print.

One of these, Guðrún Þórðardóttir (1817–1896), was a farmer’s wife at the farm Valshamar until, in her late sixties, she pulled up stakes and emigrated to Canada. By then, she had published two obituaries in the newspapers – one about a young mother survived by many children, the other expressing a widow’s grief for her dead husband. Obituaries were a recognized literary genre, a public and justifiable form of fiction – especially for women.

In addition to seven poems by Guðrún in “Kvennaljóðmæli”, many of her poems exist in other manuscripts. The most notable is a collection devoted exclusively to her works – a clear indication that she compiled it herself, about the time she left Iceland, by dictating the poems (she could not write). If she had expectations that the collection might be published, they were not fulfilled.

Guðrún’s poems exemplify the poetic genres of that era: epistolary poems, funeral poems, *rímur* (ballads), and occasional verses. She also composed biographical poems and, like women poets before and after her, an obituary about herself. Her ballads are conventional in form, with precious language and extensive use of ballad meters. This strict form often constrains the poetry’s feminine subjects. She puts a twist on the conventional ballads about heroes and battles, turning a ram or a spinning wheel into a hero. Many of her poems are about woman’s difficult lot and its endless labor. Nature and night are her sanctuary, and there she composes her poetry while tending the sheep, “alone on the mountaintops”.